

Foreldrafundur leikskólabarna 17.október 2023 kl. 20:00

Mættir: Arna Ósk, Guðlaug, Eyrún, Ásta, Sahar, Silja Rún og Hrund fyrir hönd starfsfólks. Þar að auki voru mættir 9 foreldrar sem telst góð mæting.

Gestur fundarins er Arna Ásgeirsdóttir kennsluráðgjafi hjá skólajónustu Norðurþings

Dagskrá:

1. Hrund bauð fundarmenn velkomna. Dagskráin verður þannig að fyrst verður Hrund með stutt innlegg, þá Arna Ásgeirsdóttir sem kynni starfsemi skólajónustunnar en síðast verður kynning á starfi leikskólans og deildanna þar. Starfsfólk mun kynna starfið inni á deildunum sjálfum, þannig að farið verður inn á leikskóla þegar Hrund og Arna hafa lokið sínu máli. Fólk hvatt til að spyrja.

Hrund sagði frá skólaráði sem er skipað foreldrum úr leik-og grunnskóladeild til 2ja ára í senn og einnig sameiginlegri stjórn foreldrafélagsins sem er kosin á hverju ári. Einn úr stjórn – oft er formaður áheyrnarfulltrúi foreldra með skólastjóra á fundum fjölskylduráðs sem varða skólann. Spurning hvornig foreldrar vilja hafa þetta í framtíðinni – þ.e. hvort fulltrúar leikskólabarna verði kosnir á haustfundi. Skólastjóri vekur athygli á nýuppfærðri heimasíðu skólans

<https://oxarfjardarskoli.nordurthing.is/> þar sem leikskóladeildin á sinn flipa og settar eru inn helstu upplýsingar um starfið. Annars er Karellen aðalsamskiptavefur milli leikskólans og heimilanna.

a. **Mötuneyti skólans:**

Hrund sagði frá breytingum í mötuneyti þess efnis að verið væri að reyna eftir fremsta megni að bjóða upp á sem hreinast fæði fyrir börnin með því að minnka innkaup á unnum matvælum. Hakk og gúllas er t.a.m keypt frá Sparifé á Gilsbakka, grænmeti frá Hveravöllum og innlendar kartöflur. Þar sem ekki er talið hollt að borða mikið af slátri vegna mikils magns A vítamíns, hefur verið ákveðið samkvæmt ráðleggingum landlæknisembættisins að bjóða einungis upp á slátur tvisvar í mánuði. Starfsfólk leikskólans sér til þess að börnin borði ekki óhóflegt magn af rúsínum, kanil eða öðru sem ekki er gott í of miklum mæli. Fram kom í foreldrahópnum að í lagi væri að gefa börnunum blóðmör oftari en tvisvar í mánuði.

b. **Framkvæmdir í skólanum**

Ný forstofa leit loks dagsins ljós eftir þó nokkra bið og ekki vanþörf á miðað við barnafjöldann sem nú er eða 24 börn. Skólastjóri óskaði eftir því að skólalóðin yrði endurskipulögð með það að markmiði að færa bílastæðin öll austur fyrir skólann en hafa mörk skólalóðarinnar þannig að hún geti rúmað það sem þar þarf að vera, s.s. stærra leiksvæði fyrir leikskólann, sparkvöll, körfuboltavöll og jafnvel ærlabelg. Erindið var samþykkt og er komið í skipulagsferli. Aðkoma fyrir aðföng í mötuneyti er afar brýn og er á

forgangslista yfir þau stærri verkefni sem þarf að ráðast í.

Aðrar framkvæmdir hafa verið lagfæring hljóðvistar með allskyns útfærslum s.s. skilrúm og veggeiningar sem hengd hafa verið upp í loft og fest á vegg, skilrúm sett í meira magni inn á deildirnar og mottur á gólf. Þetta hefur allt saman skilað sér í betri hljóðvist en framkvæmda og þjónustufulltrúi í Norðurþingi upplýsti skólastjóra um það fyrr í haust að fenginn yrði aðili til að taka út hljóðvist í mannvirkjum sveitarfélagsins – hvenær, er ekki vitað. Skólastjóri hefur óskað eftir almennu viðhaldi s.s. málningu og því sem þarf að breyta og bæta í takt við síbreytilegan nemendafjölda skólans og í því sambandi hefur t.d verið gerð verið málningaráætlun til ársins 2030 – sem ekki er vitað hvort verður unnið eftir. Bent var á að nýta skólaráðið meira til að þrýsta á nauðsynlegar framkvæmdir.

c. Stytting vinnuvikunnar

Eins og öllum er kunnugt, á starfsfólk leikskólans eins og aðrir rétt á styttingu vinnuvikunnar. Frá því að það var samþykkt, hefur það gengið upp og ofan hvað starfsemina sjálfa varðar. Oft voru erfiðleikar í tengslum við það þegar starfsmaður var búinn að ákveða með þó nokkrum fyrirvara hvaða dagur yrði fyrir valinu, að þá var jafnvel mönnunarvandi t.d. vegna veikinda annars starfsfólks. Þetta hafði slæm áhrif á starfsemina og í rauninni einnig á öryggi barnanna. Enn sem komið er, hefur starfsfólk ekki tekið út styttingu vinnutímans þar sem eftir á að útfæra það. Miðað við 100% starf á starfsfólk 13 mínútur á dag eða 65 mínútur á viku og þá 4 klst og 20 mínútur á mánuði sem svo útleggst í 6 daga yfir starfstíma leikskólans. Hrund kastaði fram þeirri spurningu hvort foreldrar gætu séð það fyrir sér að leikskólanum yrði lokað milli jóla og nýárs sem eru 3 dagar og svo aftur í dymbilvikunni – aftur 3 dagar sem yrði þá stytting vinnutíma starfsfólks yfir starfstímann. Almennu voru foreldrar sammála um að það ætti ekki að vera vandamál eins og staðan er núna. Hins vegar gætu alltaf komið upp þær aðstæður að foreldrar þurfi að vera í vaktavinnu og þá væri þörf á því að nota þjónustuna milli jóla- og nýárs og í dymbilvikunni. Það verður tekið til greina enda hefur útfærsla styttingar ávallt verið til umræðu í upphafi skólaárs.

Foreldrar bentu á að heppilegra væri að starfsdagar leik- og grunnskóla yrðu samhliða og var ákveðið að það skólastjóri og deildarstjóri hefðu það til hliðsjónar þegar næstu skólalagatöl deildanna verða sett upp.

Rætt um tilkynningar til foreldra ef upp kemur sú staða að ófærð hamli starfseminni. Ákveðið að nota tilkynningar í Karellen að morgni dags ef afboða þarf leikskóla og einnig senda tölvupósta. Almennu fylgist fólk vel með veðurspám og ef útlitið er dökkt, að fylgjast þá vel með tilkynningum frá leikskólanum.

d. Kvennaverkfall 24.október

Boðað hefur verið til kvennaverkfalls 24.október og kemur í ljós í síðasta lagi á fimmtudaginn hvort konur leggja niður störf í leik-og grunnskóla þann dag. Skólastjóri sendir út tilkynningu þess efnis á föstudaginn.

2. Kynning á starfsemi skólaþjónustu Norðurþings og farsældarinnar – Arna Ásgeirsdóttir kennsluráðgjafi

Arna kynnti starfsemi og starfsfólk skólaþjónustu Norðurþings. Einnig sagði hún lítillega frá farsældarfrumvarpinu og hvernig þrepaskipting farsældarinnar virkar.

3. Kynning á starfsemi leikskólans – hvernar deildar fyrir sig. Allur foreldrahópurinn fór inn á hverja deild og fékk kynningu á þeirri vinnu sem fram fer þar s.s helstu áherslur miðað við aldur og dagskipulag kynnt – mjög ítarlegt og fræðandi. Fram kom að nýjar hvíldardýnur voru teknar í gagnið í fyrravor (gjöf frá Kiwanis á Húsavík) sem og nýir koddar og koddaver auk yfirbreiðslna. Foreldrar ánægðir með það.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:05
Hrund Ásgeirsdóttir og Arna Ósk fundarritarar